

Veruleiki erlends launafólks á íslenskum vinnumarkaði

Kæru fundargestir.

Pólverjar eru stærsti útlendingahópur á íslenskum vinnumarkaði.

Á síðasta áratugi fjölgaði Pólverjum jafnt og þétt á Íslandi, en eftir 1. maí á þessu ári varð alger sprenging. Þetta er keðjuverkandi fyrirbæri. Fyrst var það þannig, að Pólverjar sem komu hingað og settust hér að, voru að útvega ættingjum og vinum vinnu á Íslandi.

Flestir sem komu hingað, voru með áætlun um að vinna hér einhvern tíma og fara svo heim aftur, þeir vildu einfaldlega safna peningum til að tryggja sér framtíð í heimalandinu sínu, en smátt og smátt settist fólk hér að og flutti fjölskyldur sínar með til Íslands. Þetta fólk kom hingað og vinnan beið þess.

Ættingjar og vinir voru oftast búnir að útvega vinnu og húsnæði og hjálpuðu því með fyrstu skrefin í nýja landinu.

Þetta fólk hafði þá einhverja vitneskju um lífskjör hér og réttindi sín.

Eftir 1. maí á þessu ári jókst straumur Pólverja til Íslands gífurlega. Margt af því fólki sem kom hingað vissi ekkert um Ísland. Það var búið að horfa á einhvern þátt í pólsku sjónvarpi um Ísland eða lesa grein í pólsku blaði um Ísland og tók skyndilega ákvörðun um að koma hingað.

Við verðum að gera okkur ljóst að flestir sem koma hingað svona skyndilega og óhugsað, eru fólk sem búið er að vera atvinnulaust í Póllandi lengi, það er fólk sem hefur ekki mikla skólagöngu að baki og er frá litlum þorpum og er að leita að betra lífi hér. Pólsk slúðurlöð æsa oft leikinn með því að skrifa greina um betra líf og kjör í útlöndum. Ég las í einu slíku viðtal við Pólverja, sem hefur búið hér í tvö ár og var að lýsa því að hann býr í 140 fermetra húsnæði, ekur á finum bíl og fer tvisvar á ári til sólarlanda. Þetta er lítið samfélag og ég kannast við manninn, og það er satt að hann býr í svona húsnæði og ekur á svona bíl, en hann gleymdi að segja það, að konan sem hann giftist hér, er búin að búa hér 15 ár og var rosalega dugleg að vinna alltaf þrefalda vinnu. En fólk sem les þetta, trúir svona sögum og veit ekki að á bakvið húsnæðið er 25 eða 40 ára lán.

Fólk sem kemur hingað (ég er að tala um fólk sem kom eftir fyrsta maí) er oftast alveg mállaust, veit ekkert um íslenskan vinnumarkað, veit ekkert um réttindi sín og veit ekkert um Ísland almennt, kann ekki íslensku eða ensku og því líður mjög illa sálarlega að geta ekki leitað sér upplýsinga nein staðar.

Svona fólk lendir oftast í þeim vanda að það er svindlað á því. Sem betur fer eru alls ekki allir atvinnurekendur óheiðarlegir og fara illa með erlenda starfsmenn, en ef sú staða kemur upp, þá veit fólk ekki hvar á að leita sinna réttinda. Það veit ekki að það er réttur þess að fá launaseðla, það veit ekki í hvaða stéttafélag það borgar gjöld.

Fleiri og fleiri vita um starfsemi Alþjóðahúss og leita þangað. Dæmi eru um að fólk komi þangað beint frá flugvellingum með ferðatöskurnar sínar og spyrji um vinnu og húsnæði. Þar er reynt að hjálpa fólki með því að seta það í samband við stéttarfélög.

Oftast er þetta Efling og ég hef mjög góða reynslu að því.

Starfsmenn Eflingar reyna að hjálpa eftir sinni besta getu og í flestum tilfellum tekst þetta á endanum. Pólverjar hafa gott orð á sér fyrir vinnubrögð sín á íslenskum vinnumarkaði, þeir bera

mikla virðingu fyrir vinnunni. Við megum heldur ekki gleyma því að það eru líka atvinnurekendur sem reyna gera mikið fyrir sína starfsmenn og besta gjöf, sem þeir geta gefið erlendum starfsmönnum sínum, er íslenskukennsla á vinnutíma.

Útlendingar eru mjög oft í láglunastörfum og margir þeirra vinna á fleiri en einum stað til að ná endum saman. Það er einfaldlega ekki raunhæft, að fólk í erfiðis- og vaktavinnu faru á dýrt námskeið á kvöldin, orkan er lítil og þó stéttarfélög endurgreiði hluta af kostnaði, þarf útlendingurinn fyrst að leggja allt út og fær svo endurgreitt seinna. Þar fyrir utan eru upphæðir, sem stéttarfélög endurgreiða, misháar og sum stéttarfélög krefjast þess, að útlendingurinn sé búinn að greiða félagsgjald ákveðið tímabil, áður en hann fær rétt til að fá námskeiðsgjald til baka. Að byrja að læra íslensku eftir eitt ár er of seint, þörfin eru mest einmitt þegar fólk er nýkomið og þarf að átta sig á lífinu hér. En lausnin er að mínum mati íslenskukennsla á vinnustaðnum og í vinnutímanum, ókeypis fyrir útlendinga. Og þá græða bæði atvinnurekendur og erlendir starfsmenn. Fyrir atvinnurekandann þýðir þetta, að samskipti milli starfsmána

verða miklu einfaldara, það kemur í veg fyrir misskilning vegna tungumálaleysis, eykir þar með framleiðslugetu og svo hefur verið sýnt fram á, að eftir slíkum námskeiðum fækkar veikindadögum töluvert. Hjá erlendu launafólki eykst sjálfstraustið, það getur betur bjargað sér í nýja landinu, þeim liður betra og ábyggilega eru afköst í vinnunni meiri þegar það skilur fyrirmæli.

Útlendingar sem eru ánægðir hér reyna að flytja fjölskyldur sínar hingað og byrja alveg nýtt líf.

Enn það er líka fólk sem er mjög reitt og óánægt hér. Það eru þessi sem voru plataðir hingað gegnum starfsmannaleigur. Oft eru starfsmannaleigur reknar af Pólverjum sem búa hér.

Eigendur slíkra fyrirtækja plata aumingja fólkið hingað, með því að lofa því allt öðru en það, sem er í boði eftir komu þess hingað. Þeir leita í Póllandi eftir fagfólki og lofa vinnu og launum í samræmi við það. Eftir komuna til Íslands er þetta fólk ráðið sem ófaglærðir verkamenn á lágum launum, en vinna samt sem iðnaðarmenn. Þeim er selt dýrt svefnpláss og kemur fyrir að starfsmannaleigur krefjist greiðslu fyrir námskeið. Ég

hef heyrt um dæmi þar sem fólk er krafð um verndargreiðslur mánaðarlega af pólskum eigendum starfsmannaleiga. En stéttarfélög vita af þessu og eru að skoða málið. En svo verðum við líka að passa okkur á því að umræðan og sérstaklega umræðan í fjölmiðlum fari ekki í þann veg, að alltaf er talað um Íslendinga, sem svindla á útlendingum, heldur einfaldlega um það, að sumir nota sér þekkingarleysi og erfiða stöðu útlendinga til að brjóta á þeim. Og það má nú að segja, að oft eru Pólverjar Pólverjum vestir. Þetta er rosalega dapurlegt, en þetta er nú samt raunin.

Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir slíka starfsemi?

Við verðum fyrst og fremst hvetja fólk til að kæra öll brot hjá lögreglunni. Ef slík tilfelli verða kærð, verður þetta kannski viðvörun fyrir hina glæpamennina.

Þrátt fyrir öll þessi vandamál, þá held ég að Pólverjar muna halda áfram að koma hingað. En lykilatriði fyrir okkur er, að við verðum að upplýsa fólk betur um réttindi þess, segja því, hvar það getur leitað sér hjálpar í slíkum tilfellum, og brýna fyrir því, að skrifa ekki undir neitt, sem það skilur ekki, eða undir eitthvað

sem er ekki útfyllt. Það eru mörg dæmi þess, að fólk er tilneytt til að skrifa undir ráðningasamninga, sem ekki er búið að fylla út, eða einfaldlega ráðningasamninga á íslensku, sem það skilur ekki.

Ég var að nefna íslenskukennslu, það væri gott að hafa í lögum, að atvinnurekendur sem eru með fleiri en 10 útlendinga í vinnu, eru skikkaðir til að kaupa íslenskunámskeið handa þeim á vinnutímanum. En íslenskan er erfitt tungumál og svo halda allir Íslendingar, að fyrst manneskja er útlensk, þá hlýtur hún að tala ensku. En það er ekki svoleiðis fyrir flest fólk sem núna streymir til landsins. En samhliða íslenskukennslunni verðum við að auka túlka- og þýðingaþjónustu fyrir fólk. Sumir eru fljótir að læra en aðrir þurfa kannski eitt ár til að þora að segja orð á íslensku, kannski tvö ár til að spyrja um afgreiðslu í Bónus, þrjú til fjögur ár til að tala sjálfir við lækninn en örugglega 5 til 10 ár til að skilja íslenskan kjarasamning. Ég er búin að vinna sem túlkur í mörg ár, ég túlka fyrir foreldra, sem fylgja börnunum sínum fyrstu skrefin í nýju skólakerfinu, fyrir sjúklinga, sem skilja flókna sjúkdómsgreiningu varla á sínu eigin tungumáli, hvað þá

á íslensku, en í auknum mæli hef ég túlkað mikið hjá stéttarfélögum og fyrirtækjum. Atvinnurekendur átta sig oftar en áður á því, að sum flókin vandamál er mjög einfalt að leysa með aðstoð túlks, sem þekkir ekki bara bæði tungumál, heldur líka þessa tvo stundum mjög ólíku menningarheima. Og hjá stéttarfélögum koma oftar og oftar mál upp, þar sem erlent fólk fær ekki launin sín greidd, sér aldrei launaseðil. Skattur og önnur gjöld eru dregin frá, en ekki skilað og allt þetta getur gerst, af því að fólk veit ekkert um lögin hér, um kjarasamninga og hlutverk stéttarfélaga. Við verðum að hugsa meira um hvernig við getum komið réttum upplýsingum til erlends launafólks, sem er nýkomið til landsins, hvernig við getum náð til þeirra strax. Það er enginn sem tekur á móti þeim í Keflavík með bæklinga á þeirra tungumáli, en stéttarfélög ættu að taka meira frumkvæði um leið og erlendur starfsmaður er skráður hjá þeim, og greidd er félagsgjald til þeirra.

Annað málefni, sem ég nefndi aðeins, er að fá menntuna sína viðurkennda á Íslandi. Ísland er að missa af svo miklu, ef fólk

fær ekki að njóta menntun sinnar hér á Íslandi og ég hvet stéttarfélög að taka frumkvæði hér líka, með því að styðja fólk í þessu. Þetta getur nefnilega verið mjög flókið, og margir eru sendir frá einum stað til annars og gefast upp á endanum. En stéttarfélögin ættu líka að ráða sjálf erlenda starfsmenn til sín þar sem margir þeirra hafa reynslu í verkalýðshreyfingunni heiman frá og geta sinnt erlendu launafólki hér út frá sinni reynslu bæði erlendis og sem innflytjendur á Íslandi.

Lykillinn til betri framtíðar fyrir allar í þessu samfélagi, fyrir samveru sem gengur upp, er íslenskukennsla og betri upplýsingargjöf á réttum tíma og á erlendum tungumálum þar sem þörfin er brýnust af því að það er mun erfiðara að svindla á fólk sem þekkir og skilur réttindi sín.

Takk fyrir